


Opið hús verður ekki í maí

Hvert ár hefur sína sérstöðu og nú voru páskar óvenju seint á ferðinni. Opna húsið sem hefði átt að vera í apríl féll inn í páskavíkuna. Til stóð að hafa opið hús í maí og einnig vorsýningu. Búið var að leggja drög að dagskrárefni á opna húsi en á stjórnarfundi 16. apríl var ákveðið að hafa ekki opið hús í maí en leggja frekar áherslu á vorsýninguna. Í haust er stefnt að umfjöllun um brýningar í opna húsi og heimsókn til Þjóðminjasafnsins. Sú heimsókn þarf lengri aðdraganda en við höfðum gert ráð fyrir.

Teikning af heimasíðunni


Hér gefur að líta teikningu sem er í eigu félagsins (enda með merki þess)



Ásmundur Sveinsson

Margir af gömlu meisturum okkar í málaralist og einnig þeir sem lögðu fyrir sig höggmyndagerð höfðu lært tréskurð og það verklag endurspeglar oft viðfangsefni og verklag þeirra.

Hér er verkið Helreiðin eftir Ásmund Sveinsson



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Pósthólf nr. 6 270 Mosfellsbæ
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>
Ritstjórn er stjórn félagsins
Ábm. Björn Bergsson

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
4. tbl. 14. árgangur 2009



Frá formanni

Nú líður að lokum vetrarstarfs og sumarið á næsta leyti. Vorsýning félagsins er einn af föstum liðum starfseminnar og segja má að verið sé að slá saman vorsýningu og síðasta opna húsi.

Vorsýning á að endurspegla vinnu vetrarins hjá félagsmönnum. Ekki þarf þó að einskorða sig við verk sem unnið var í vetur. Grunnþáttur er að verkið hafi ekki verið sýnt áður á vorsýningu. Æskilegt er að sýningin endurspegli öflugt starf félagsmanna og að sýnendur séu bæði nýliðar og þeir sem hafa skorið í mörg ár. Skurðverk eftir teikningu sem margir hafa reynt við eru vel gjaldgeng. Best er ef tréskeri kemur með skurðverk eftir eigin teikningu. Hafðu í huga, félagi góður, að sýningin byggir á verkum okkar sjálfra.

Einn þáttur er enn eftir sem er síðsumars og það er þátttaka í Handverkshátíðinni að Hrafnagili í Eyjafirði. Félagið hefur tekið þátt í þessari hátíð og ljóst er af reynslunni að félaginu er nauðsyn að taka þátt, kynna félagið og tréskurð. Förmfúsir félagar hafa staðið vaktina á þessari hátíð og nú sem fyrir óskum við eftir aðstoð ykkar.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

Margir félagsmenn hafa gefið upp netföng og GSM símanúmer og þannig er hægt að koma skilaboðum á framfæri. Ef þú færð ekki tölvupóst eða SMS skilaboð frá félaginu sendu okkur þá boð um að komast á listann. silo@mmedia.is 8995716

Vorsýning

Vorsýningin verður 1. maí og 2. maí að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (iðnaðarbil beint fyrir aftan Fjarðarkaup) kl. 14 til 17 báða dagana.

Félagar komi með skurðverk sín 1. maí milli kl. 9 og 11 um morguninn.

Æskilegt er að með skurðverkinu sé blað eða miði ca. 3 sm að hæð og 6 sm á breidd þar sem fram kemur: Nafn skurðverksins (ef það hefur nafn), nafn tréskerans, nafn höfundar teikningar og upplýsingar um efniviðinn.

Myndir frá vorsýningunni í fyrra



Handverkshátíðin að Hrafnagili

Helgina eftir verslunarmannahelgina verður Handverkshátíðin að Hrafnagili í Eyjafirði. Félagið hefur tekið þátt í í hátíðinni með því að hafa kynningarbás og kynna þar starfssemi félagsins, útskýra helstu þætti tréskurðar og ekki síst að sýna skurðverk og vinnubrögð.

Óhætt er að segja að þessi kynning hefur vakið athygli og því mikilvægt fyrir félagið að taka þátt í henni.

Stjórnin auglýsir hér með eftir félagsmönnum sem geta tekið að sér að vera starfsmenn félagsins í kynningarbás þess 6. til 9. ágúst n.k.

Áhugasamir vinsamlegast látið formanninn vita sem fyrst í síma 864 5716 eða með tölvupósti á netfangið silo@mmedia.is

Blönduð tækni í tréskurði

Hér er dæmi um ástralskan tréskurð.

Tréskerinn heitir Veronica Sexton og hefur lært tréskurð í virtum listaháskólum.

Bjarni Þór Kristjánsson sýndi okkur, á opnu húsi í vetur, hvernig við tengjum saman tréskurð og trérennismíði. Hér er á ferðinni annað samspil tréskurðar og smásteina.



Heimasíðan

Heimasíðan okkar listalind.is/treskurdur er upplýsingasíða og reynt er að bæta við myndum, fróðleik og fréttum eftir því sem tók eru á.

T.d. er síðasta *Brýnið* komið þar inn. Búið er að setja inn teikningar sem félagsmenn geta skoðað og sótt.

Félagsmenn eru hvattir til að senda inn fréttir og myndir af skurðverkum.